

Miðvikudaginn 16. marz 1966.

Nr. 161/1964. **Einar Ingimundarson** (Ragnar Ólafsson hrl.)

gegn

Utanríkisráðherra og

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök

(Guðjón Styrkársson hdl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaramir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús P. Torfason

Stjórnsýsla. Skaðabótakrafa opinbers starfsmanns, er staða hans var lögð niður.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. október 1964. Kröfur hans eru:

Aðalkrafa: Að brottvikning hans úr starfa lögreglumanns á Keflavíkurflugvelli frá upphafi árs 1962 verði dæmd ólög-mæt og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum bætur að fjárhæð kr. 1.574.239.60.

Varakrafa: Að nefnd brottvikning verði dæmd ólög-mæt og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum bætur að fjárhæð kr. 618.365.60.

Þrautavarakrafa: Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 32.699.91.

Hann krefst og 7% ársvaxta af fjárhæð þeirri, sem dæmd kynni að verða, frá 1. janúar 1962 og svo málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 11. janúar 1965, áfrýjað málinu með stefnu 18. janúar 1965. Hann krefst sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði fyrir héraðs-dómi og Hæstarétti.

Alþingi samþykkti 1961, að lögreglumönnum á Keflavík-urflugvelli skyldi fækka um þrjá. Var aðaláfrýjandi einn af þremur, sem utanríkisráðherra valdi til uppsagnar. Verður eigi talið, að uppsögnin hafi verið ólög-mæt samkvæmt 4.

gr. og 11. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Eigi verður komið fram hjá því, að hér var um að tefla niðurlagningu á stöðu aðaláfrýjanda og að honum ber einungis að greiða bætur sex mánaða föst laun samkvæmt 14. gr. nefndra laga, enda er eigi á valdi dómstóla að auka rétt aðaláfrýjanda frá því, sem segir í nefndri 14. gr. Í héraðsdómi eru upp taldir kröfuliðir aðaláfrýjanda. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sýknu af 4. og 11. kröfulið. Kröfuliður 3, áhættuþóknun, kröfuliður 6, fæðisstyrkur, og kröfuliður 9, $\frac{1}{2}$ verð einkennisfata, verða eigi taldir til fastra launa samkvæmt 14. gr. laganna. Kröfuliður 5, næturvinnuálag, hefur verið samþykktur og greiddur af gagnáfrýjanda. Aðrir kröfuliðir falla sumir beint undir ákvæði 14. gr. laganna, en öðrum hefur eigi verið nægilega mótmælt. Með skírskotun til frásagnar héraðsdómara átti aðaláfrýjandi því tilkall til greiðslna, svo sem hér segir:

Samkvæmt	1. kröfulið	kr.	28.538.20
—	2. —	—	6.351.47
—	5. —	—	6.214.56
—	7. —	—	1.109.16
—	8. —	—	6.453.28
—	10. —	—	2.185.76

Samtals kr. 50.852.43

Samkvæmt því, er nú var rakið, ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda kr. 50.852.43 ÷ kr. 40.460.40, er áður hafa verið greiddar, þ. e. kr. 10.392.03 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1962 til greiðsludags.

Eftir atvikum er rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs, greiði aðaláfrýjanda, Einari Ingimund-

arsyni, kr. 10.392.03 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1962 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 25.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. júlí 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. júlí s.l., hefur Einar Ingimundarson, fyrrverandi lögregluþjónn, Brekkubraut 13, Keflavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 22. febrúar 1963, gegn utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Eru dómkröfur stefnanda þessar:

Aðallega, að brottvikning sín úr starfi ríkislögregluþjóns á Keflavíkurflugvelli samkvæmt bréfi stefnda utanríkisráðherra, dags. 28. desember 1961, verði ógilt með dómi, en *til vara*, að brottvikningin verði dæmd ólögæt og stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs verði gert að greiða stefnanda bætur að fjárhæð kr. 1.569.999.91 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1962 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu að mati réttarins. Við munnlegan flutning málsins breytti stefnandi varakröfu sinni þannig, að gerð var krafa um skaðabætur að fjárhæð kr. 1.574.239.60, og samþykktu stefndu þessa breytingu á dómkröfunum.

Stefndu hafa gert þær dómkröfur *aðallega*, að þeir verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins, en *til vara*, að krafa stefnanda verði stórlega lækkuð og þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda, svo sem greinir í aðalkröfu.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi varnarmáladeildar utanríkisráðuneytisins, dags. 19. marz 1956, var stefnandi skipaður lögregluþjónn í lögregluliði Keflavíkurflugvallar frá og með 19. marz 1956. Samþykkt var á Alþingi árið 1961 að fækka í ríkislögreglunni á Keflavíkurflugvelli, og var stefnandi leystur frá störfum frá og með 1. janúar 1962, sbr. bréf utanríkisráðherra, dags. 28. des. 1961 (dskj. nr. 4). Jafnframt voru honum greiddar kr. 40.460.40, og sagði í bréfinu, að greiðsla þessi væri „laun í 6 mánuði samkvæmt launalögum ásamt næturvinnuálagi“. Tilgreind orsök uppsagnarinnar er í nefndu bréfi samþykkt Alþingis um fækkun í ríkislögreglunni á Keflavíkurflugvelli. Þar er þess einnig getið, að ráðuneytið muni reyna að greiða fyrir því, að stefnandi komist í lögregluþjónsstöðu annars staðar, ef þess verði óskað.

Stefnandi hefur fyrir dómi skýrt frá því, að hann hafi eftir

áramót 1961/1962 unnið sem verkamaður í Hraðfrystihúsi Keflavíkur samkvæmt samningum verkalýðsfélagsins á staðnum bæði í tímavinnu og ákvæðisvinnu. Þar hafi hann unnið til 1. júní 1962. Þá hafi hann starfað sem fangavörður á Litla Hrauni um sumarleyfistímamann sama ár og tekið laun eftir 10. flokki launalaga. Um haustið hafi hann unnið sem verkamaður í Vélsmiðju Keflavíkur fram til áramóta, en þá gerzt háseti á m/s Stapafelli. Eftir 1½ mánaðar starf þar hafi hann farið í land og starfað sem verkamaður í Hraðfrystihúsi Keflavíkur þar til um miðjan júlí (1963), að hann hafi ráðið sem háseti á m/s Jökulfell og starfað þar síðan.

Ekki segir stefnandi, að sér hafi verið boðið starf hjá ríkinu eftir 1. janúar 1962, og ekki segist hann hafa sótt um lögregluþjónsstöðu eftir þann tíma. Ekki hafi sér heldur verið gefinn kostur á þeim lögregluþjónsstöðum, sem losnað hafi eftir þennan tíma og ráðið hafi verið í.

Heildartekjur stefnanda tímabilið 1959—1963 hafa verið sem hér segir samkvæmt skattframtölum hans:

1959	kr.	111.194.80
1960	—	125.363.00
1961	—	144.856.68
1962	—	191.417.00
1963	—	188.605.27

Varakröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1.	Föst laun jan.—maí, kr. 5.707.64	kr.	28.538.20
2.	— — júní	—	6.351.47
		Samtals kr.	34.889.67
3.	6% áhættuþóknun á föst laun	—	2.093.38
4.	5½ tími á viku í 6 mánuði, þ. e. 143 tímar á kr. 74/—	—	10.582.00
5.	Næturvinnuálag	—	6.214.56
6.	Fæðisstyrkur í 6 mánuði, kr. 1.100/—	—	6.600.00
7.	Helgidagauppbót, 5½ dagkaup á kr. 190.25 + 6% áhættuþóknun	—	1.109.16
8.	Sumarleyfi fyrir næstliðið orlofsár, 32 dagar á kr. 190.25 + 6%	—	6.453.28
9.	½ verð einkennisfata	—	3.032.50

10. Sumarleyfi frá 1961, 7½ dagur á			
kr. 190.25 + 6%	kr. 1.512.49		
+ 3 dagar á 211.72			
+ 6% = 224.42	— 673.27	kr. 2.185.76	
			kr. 73.160.31
÷ áður greitt skv. dskj. 4	— 40.460.40		
			kr. 32.699.91
11. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum	—1.537.300.00		
			Kr. 1.569.999.91

Liður 11 var við munnlegan málflutning hækkaður í kr. 1.541.539.69, eins og áður getur, og er þá heildarfjárhæðin kr. 1.574.239.60.

Kröfuliðir 1—10 eru að sögn stefnanda laun og hlunnindi, sem fylgt hafi starfi hans á flugvellinum.

Kröfuliður 11 er þannig til kominn, að stefnandi hefur fengið tryggingafræðing til að reikna út heildarverðmæti launa sinna vegna lögreglustarfa, bæði fastatekna og umframtekna, þar með talið framlag launagreiðanda í lífeyrissjóð, allt miðað við 1. janúar 1962. Stefnandi er fæddur 30. apríl 1926 og var því 35 ára að aldri á brottvikningardegi. Var starfsaldur hans þá 14 ár og 10 mánuðir. Í útreikningnum er við það miðað, að hann hefði látið af störfum 65 ára að aldri.

Heildarverðmæti launa þessara eru samkvæmt nefndum útreikningi kr. 1.614.700.00, en til frádráttar koma kröfuliðir 1—10, kr. 73.160.31, þar sem tekið er tillit til þeirra í útreikningi tryggingafræðingsins. Ekki er í útreikningi þessum tekið tillit til tekna af öðrum störfum, sem stefnandi hefur haft með höndum jafnframt lögregluþjónsstarfinu, og ekki er tekið tillit til þess öryggisleysis, sem fylgir störfum hjá öðrum en opinberum aðiljum vegna atvinnuleysis, sjúkdóma og verkfalla. Þá hafa ekki að heldur verið dregnar frá greiðslur, sem stefnandi hefur fengið frá lögreglustjóraembættinu eftir brottvikninguna. Notaðir hafa verið 7% ársvextir, dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu árána 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lífanda lífi samkvæmt sænskri reynslu.

Stefnandi hefur haldið því fram, að staða sín hafi í raun og veru alls ekki verið lögð niður. Sú ástæða, sem tilgreind hafi

verið í uppsagnarbréfinu, hafi verið samþykkt Alþingis um fækkun lögreglumanna á Keflavíkurflugvelli. Raunverulega hafi engin fækkun átt sér stað, fastskipuðum mönnum einum hafi verið fækkað, en í þeirra stað hafi verið ráðnir aukamenn. Sé það því yfirskin, að staða hans hafi verið lögð niður.

Ef ekki yrði talið unnt að fallast á þetta og stöður teldust hafa verið lagðar niður, sé nauðsynlegt, að alveg liggi ljóst fyrir, hverjar stöður lagðar hafi verið niður. Þegar úr þessu skuli leyst, komi tvennt til greina:

1. Hvort einn maður gegni sérstöku afmörkuðu starfi.
2. Hvort tiltekið starf sé falið hóp manna.

Í fyrra tilvikinu leiki enginn vafi á því, hvaða staða sé lögð niður, ef til slíks komi. Þar sem hins vegar margir menn gegni sams konar starfi, svo sem í lögregluliði Keflavíkurflugvallar, komi tvennt til álitá:

1. Að starfsemin í heild sé lögð niður, svo sem ef lögreglan á Keflavíkurflugvelli hætti starfi.
2. Að fækkað sé í lögregluliðinu.

Í fyrra tilvikinu mundi enginn vafi koma upp um það, hvaða stöður lagðar hefðu verið niður. Í síðara tilvikinu héldi hins vegar ríkislögreglan áfram starfi og þá væri álitamál, hvaða stöður lagðar hefðu verið niður.

Tilgangur laga nr. 38/1957 sé m. a. sá að veita ríkisstarfsmönnum öryggi í starfi. Ef lögin eigi að ná tilgangi sínum að þessu leyti, geti það ekki staðizt, að ráðherra eða aðrir yfirmenn geti valið þá úr starfshóp eftir eigin geðþótta, sem láta eigi af störfum, ef ákveðið sé að fækka skuli starfslíði. Fara verði eftir ákveðinni hlutlægri reglu, en ekki skipti meginmáli, hver reglan sé, ef telja megi hana sanngjarna og skynsamlega. Mætti t. d. beita hæfnisprófum og jafnvel hlutkesti, ef allir reyndust jafnhæfir. Eðlilegust væri þó sú regla, að þeir, sem síðast væru skipaðir í starf, yrðu fyrst látnir víkja, ef fækka ætti. Algerlega frjálst val ráðherra og annarra yfirvalda mundi valda því, að opin leið væri til misbeitingar, þannig að stjórnámálaskoðanir eða önnur slík atriði gætu haft áhrif á það, hvort menn ættu þess kost að gegna störfum sínum eða ekki.

Samkvæmt því, sem nú hafi greint verið, hefði fyrst átt að leggja niður stöður þær, sem síðast hafði verið skipað í, eða beita öðrum hlutlægum sjónarmiðum. Af gögnum málsins sjáist, sbr. dskj. nr. 11, að margir menn hafi byrjað störf sem lögregluþjónar á eftir stefnanda. Ekki hafi heldur verið sýnt fram á, að

öðrum hlutlægum reglum hafi verið beitt, þegar stefnandi hafi verið látinn víkja. Staða stefnanda hafi því ekki verið lögð niður í skilningi 7. tl. 4. gr. l. 38/1954 og sé uppsögnin því andstæð lögum þessum. Beri því að taka aðalkröfuna til greina.

Yrði hins vegar svo talið, að uppsögnin væri gild að formi til og henni því ekki hnikað, sé hún þó samkvæmt framansögðu ólögsmæt að efni til og stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs bótaskyldur. Sé því sett fram varakrafa um, að stefnanda verði dæmdar bætur, sem ákveðnar verði eftir 3. mgr. 11. gr. l. nr. 38/1954. Stefnanda hafi ekki verið boðið annað starf á vegum ríkisins og hann hafi því ekki hafnað sambærilegu né heldur öðru starfi hjá ríkinu. Samkvæmt 14. gr. laganna sé það skilyrði fyrir bótum, að ekki hafi verið hafnað slíkri stöðu, en í því felist, að ríkið eigi að hafa frumkvæði að því að bjóða hana fram. Þessari reglu 14. gr. sé eðlilegt að beita um bætur samkvæmt 11. gr.

Vegna *aðalkröfu* stefnanda hefur því verið haldið fram af hálfu stefndu, að ráðherra hafi óskoraða heimild til að víkja frá ríkisstarfsmönnum, sbr. 20. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 per analogiam. Megi hér skýlaust beita löggjöfnun, þar sem allsendis væri óeðlilegt, að þeir ríkisstarfsmenn, sem hefðu ráðherra-skipun, nytu betri réttar en þeir, sem forseti skipaði. Dómara beri hér að undanskilja, sbr. 61. gr. stjórnarskrárinnar, sjá einnig 35. gr. l. 85/1936. Aðalkröfu stefnanda sé því með engu móti hægt að taka til greina.

Vegna *varakröfu* stefnanda hefur á það verið bent af hálfu stefndu, að í l. 38/1954 sé ljóslega greint á milli uppsagnar ríkisstarfsmanna, sbr. 11. gr., og niðurlagningar á stöðum, sbr. 14. gr. Í 11. gr. sé dómstólum fengið úrlausnarvald um bætur, en í 14. gr. séu fyrir mæli um það, hvornig greiðslum skuli hagað, þegar staða sé lögð niður, og megi líta svo á, að þar sé um að ræða lög-ákveðnar bætur.

Ástæðan fyrir því, að stefnandi hafi misst stöðu sína, sé sú, að samþykkt hafi verið á Alþingi 1961, að lögreglumönnum á Keflavíkurflugvelli skyldi fækkað um þrjá. Í því felist, að jafnmargar stöður hafi verið lagðar niður samkvæmt 14. gr. l. 38/1954. Ekki sé til nein regla, sem kveði á um það, hvaða stöður teljist lagðar niður, þegar fækkað sé starfsmönnum, en starfsemin haldi þó áfram. Sé því ekki hægt að halda fram, að yngri stöður skuli taldar lagðar niður á undan stöðum, sem síðar sé skipað í. Margt fleira geti hér komið til álita en starfsaldur, svo

sem menntun, hæfni og jafnvel lífsaldur. Af þessu verði ekki dregin önnur niðurstaða en sú, að ráðherra eða yfirmenn hlutaðeigandi starfsgreina ríkisins hafi heimild til að meta og ákveða í hverju einstöku tilviki, hverjar stöður lagðar skuli niður, þegar fækkað sé í starfsgrein. Slík heimild sé ekki sízt mikilvæg þar, sem lögregla eigi í hlut, en þar geti einmitt alveg sérstaklega reynt á gott samstarf yfirmanna og undirmanna.

Þegar á þetta sé litið, megi ljóst vera, að staða stefnanda hafi verið lögð niður og reikningsskilum eigi að haga eins og fyrir sé mælt í 14. gr. 1. nr. 38/1954. Þetta hafi verið gert og beri því einnig að sýkna af varakröfu stefnanda.

Verða nú kröfur stefnanda teknar til úrlausnar:

1. Aðalkrafa.

Fallast ber á þá skoðun stefndu, að ráðherra hafi skýlausa heimild til að víkja frá ríkisstarfsmönnum, sbr. 20. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 per analogiam. Undantekningar þær, sem lög hafa að geyma frá þessari reglu, eiga hér ekki við. Verður aðalkrafa stefnanda því ekki tekin til greina, og á stefndi utanríkisráðherra að vera sýkn af þessari kröfu stefnanda.

2. Varakrafa.

Ekki er unnt að fallast á það sjónarmið stefnanda, að raunverulega hafi engin fækkun átt sér stað í lögregluliði Keflavík-urflugvallar. Afgreiðsla fjárlaga fyrir árið 1962 sýnir, að liður sá, sem hefur að geyma fjárveitingar til greiðslu launa lögregluþjóna á Keflavík-urflugvelli, var í meðferð fjárlaganna á Alþingi lækkaður um kr. 300.000.00, og er þess berlega getið, að lækkun þessi sé vegna fækkunar lögregluliða um 3 menn (Alpt. 1961 A, bls. 516 og 530). Fullyrðingu sinni til stuðnings og gegn þessari ótvíræðu vísbendingu um fækkun hefur stefnandi ekki fært fram nein rök.

Kemur þá næst til álita, hverjar stöður hafi verið lagðar niður:

Almennt verður talið, að heimilt sé að leggja niður stöður og leysa menn þannig frá störfum, en það fer eftir réttargrundvelli hvernar stöðu, hvernig það verði gert. Þar sem staða er ekki grundvölluð á stjórnarskrár- eða lagaákvæðum, getur hlutaðeigandi ráðherra kveðið svo á, að staða skuli lögð niður.

Ekki hefur verið bent á, að l. nr. 38/1954 né heldur önnur lög hafi að geyma nein ákvæði um það, hverjar stöður skuli taldar lagðar niður, þegar fækkað er í tiltekinni starfsgrein, en starfsemin heldur þó áfram eins og í því tilviki, sem hér um ræðir. Enga leiðbeiningu er um þetta að fá í athugasemdum við frum-

varp til laga nr. 38/1954 né heldur í umræðum, sem áttu sér stað um það á Alþingi.

Með hliðsjón af þessari almennu heimild til niðurlagningar á embættum og stöðum, sem áður var gerð grein fyrir, og því, að ákvæði skortir um það, hverjar stöður skuli lagðar niður, þegar fækkað er starfsmönnum, svo sem hér hefur átt sér stað, verður að telja, að hlutaðeigandi ráðherra eða eftir atvikum yfirmaður hlutaðeigandi stjórnsýslugreinar eigi hér frjálsan ákvörðunarrétt, enda sé ekki um að tefla misbeitingu valds, geræði, eða önnur ómálefnaleg sjónarmið. Hefur í máli því, sem hér er til úrlausnar, ekki verið sýnt fram á, að slíku sé til að dreifa, heldur aðeins almennt verið dregið á, að hætta geti verið á slíku.

Verður samkvæmt þessu að telja, að staða stefnanda hafi löglega verið lögð niður.

Stefnanda verða því ekki dæmdar bætur samkvæmt 11. gr. l. nr. 38/1954, heldur ber að beita ákvæðum 14. gr. sömu laga, en telja verður, að grein þessi hafi að geyma tæmandi ákvæði um bætur, þegar svo stendur á sem hér. Af þessu leiðir, að ekki er grundvöllur bóta samkvæmt 11. lið í varakröfu stefnanda: „Bætur fyrir röskun á stöðu og högum kr. 1.541.539.69“.

Ljóst liggur fyrir í máli þessu, að stefnandi hefur ekki sótt um annað starf hjá ríkinu, og verða því skaðabætur ekki reistar á 2.—3. mgr. 14. gr.

Kemur þá til álita, hvort stefnandi hafi fengið „föst laun, er starfanum fylgdu, greidd í 6 mánuði frá því að hann lét af starfi . . .“, en stefnandi hafði starfað að lögreglustörfum í 14 ár og 10 mánuði, eða hvort stefnandi geti reist fjárkröfur sínar á öðrum sjónarmiðum.

Að vísu felur varakrafa stefnanda eftir orðanna hljóðan það í sér, að krafa er gerð um, að brottvikningin verði dæmd ólög-mæt og stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs verði gert að greiða stefnanda bætur. Verði þær bætur ákveðnar samkvæmt 3. mgr. 11. gr. l. nr. 38/1954. Hins vegar er ekki gerð þrautavara-krafa þess efnis, að bætur verði ákveðnar samkvæmt 14. gr., ef talið yrði, að staða stefnanda hefði verið lögð niður á lögmetan hátt. Þess er þó krafizt í varakröfunni, — sem annars er á því reist, að staða stefnanda hafi ekki verið lögð niður og frávikning hans því ólögmet, — að skaðabætur verði ákveðnar að nokkru leyti samkvæmt 14. gr., sbr. greinargerð dskj. nr. 2. Ekki þykir þessi óskýrleiki í kröfugerð stefnanda eiga að valda því, að ekki

verði tekið til úrlausnar, hvort stefnandi hafi fengið allar þær greiðslur, sem honum ber samkvæmt 14. gr. laganna.

Stefnandi hefur haldið því fram, að liðir 1—10 séu laun og hlunnindi, sem fylgt hafi starfi hans á flugvellinum. Eigi hann samkvæmt 14 gr. l. nr. 38/1954 skýlausan rétt til að njóta sömu kjara á uppsagnarfrestinum og hann hafi notið í starfi. Ef 14. gr. sé beitt óskorað, vanti kr. 32.699.91.

Af hálfu stefndu hefur því hins vegar verið haldið fram, að ekki beri að taka tillit til neinna aukagreiðslna eða hlunninda, heldur einungis hinna föstu mánaðarlauna. Af þessum sökum hefur kröfuliðum 1—10 verið andmælt.

Telja verður að skýra beri orðin „föst laun“ í 14. gr. þannig, að þau taki til þeirra launa og hlunninda, sem ríkisstarfsmaður hafi notið að staðaldri. Ber því ekki einungis að hafa hliðsjón af föstum mánaðarlaunum, heldur einnig föstum aukatekjum eða hlunnindum, sem hlutaðeigandi starfsmaður hefur notið hjá ríkinu að staðaldri, þannig að starfsmaðurinn njóti þar sömu kjara í hvívetna og hann hefði notið, ef hann hefði gegnt starfinu áfram.

Verður nú með hliðsjón af þessu fjallað um kröfuliðina hvern fyrir sig:

1. *Föst laun jan.—maí, samtals kr. 28.538.20.*

Þennan kröfulið ber að taka til greina samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/1954, enda ber að líta svo á, að stefndi fjármálaráðherra hafi viðurkennt hann.

2. *Föst laun fyrir júní, kr. 6.351.47.*

Stefnandi heldur því fram, að honum beri 4% kauphækkun, sem orðið hafi í júnímánuði 1962.

Þessi liður verður tekinn til greina að fullu af sömu ástæðum og 1. liður, enda hefur því ekki verið andmælt, að 4% kauphækkun hafi átt sér stað í júní 1962.

3. *6% áhættuþóknun á föst laun, kr. 2.093.38.*

Þessa þóknun verður að telja til fastra launa í merkingu 14. gr., enda var hún greidd að staðaldri. Að vísu er þeirri áhættu, sem lögreglustörfum fylgir, ekki til að dreifa, þegar stefnandi hefur látið af störfum. Þegar hins vegar á það er litið, að stefnandi hefur látið af störfum að óvilja sínum, verður að telja, að hann hafi verið reiðubúinn til að taka á sig þá áhættu, sem lögreglustörfum fylgi, og eigi hann því rétt á þóknun þessari. Liður þessi verður því tekinn til greina.

4. 5½ tími á viku í 6 mánuði, samtals kr. 10.582.00.

Hér er um að ræða 143 klukkustundir á kr. 74.00 hver stund. Þóknun þessi er fyrir hliðvörzlu í þágu varnarliðsins, og það hefur greitt stefnanda umrædda þóknun. Hefur stefnandi haldið því fram, að þessi vörzlustörf séu einungis veitt lögregluþjónum og verði því að teljast hlunnindi við starfið. Þar sem telja verður, að orðin „föst laun“ í 14. gr. eigi aðeins við um laun, sem ríkið sjálft greiðir, eins og áður segir, verður þessi liður ekki tekinn til greina.

5. Næturvinnuálag, kr. 6.214.56.

Þar sem stefnanda hefur verið greidd þessi fjárhæð, er honum var sagt upp, sbr. bréfið á dskj. nr. 4, verður að telja, að stefndi fjármálaráðherra hafi viðurkennt réttmæti þessarar kröfu.

6. Fæðisstyrkur í 6 mánuði, kr. 6.600.00.

Þennan lið verður að telja til fastra hlunninda við starf stefnanda, og ber því að taka hann til greina. Haggar það ekki þessari niðurstöðu, þótt stefnandi þyrfti nú ekki lengur að matast utan heimilis vegna starfs síns, þar sem aukinn kostnaður og fyrirhöfn í heimilishaldi komi á móti.

7. Helgidagauppbót, kr. 1.109.16.

Lögmaður stefnanda hefur upplýst eftir Sigurði Sigurðssyni, yfirvarðstjóra í lögreglunni á Keflavíkurflugvelli, að hér sé um að ræða helming þeirra 11 helgidaga, sem stefnandi hafi unnið á árinu 1961, en ekki fengið greidda og ekki fengið sem sumarleyfi. Því hefur ekki verið andmælt af hálfu stefndu, að sú tilhögun hafi tíðkast, að lögreglumenn hafi unnið helgidaga og fengið þá þannig bætt.

Þessi kröfuliður fellur að vísu ekki undir 14. gr., en hins vegar má líta á hann sem almenna skuld, og ber þannig að taka hann til greina.

8. Sumarleyfi fyrir næstliðið ár, kr. 6.453.28.

Samkvæmt því, sem lögmaður stefnanda hefur upplýst eftir nefndum yfirvarðstjóra, hafði stefnandi fengið 21 dags orlof, er hann starfaði í lögregluliðinu, og við orlof þetta hefðu bætt 11 helgidagar, sem stefnandi hefði unnið eða átt að vinna. Hefði hann þannig fengið eða átt að fá 32 daga í orlof. Þegar því 6 mánaða tímabili lauk, sem stefnandi fékk greidd laun fyrir, var

orlofsárið 1961—1962 fullnað, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1943, og ber honum greiðsla fyrir það. Framangreint hefur ekki verið vefengt af hálfu stefndu, og ber því að taka þennan lið til greina, enda verður að telja orlof til fastra launa í merkingu 14. gr. laga nr. 38/1954. Helmingur þessa liðs er og fé, sem stefndu skulda stefnanda, frá því að hann var í starfi.

9. $\frac{1}{2}$ verð einkennisfata, kr. 3.032.50.

Þennan lið verður að telja til fastra hlunninda, sem starfi stefnanda hafi fylgt, enda hafa stefnanda sparazt kaup á vinnu-fatnaði, sem ætla má að nemi svipaðri fjárhæð. Ber því að taka þennan lið til greina.

10. Sumarleyfi frá 1961, kr. 2.185.76.

Lögmaður stefnanda hefur upplýst eftir margnefndum yfirvarðstjóra, að stefnandi hafi með samþykki yfirmanna sinna fengið að geyma nefnt sumarleyfi. Hefur þessu ekki verið andmælt af hálfu stefndu, og verður því að telja, að hér sé um skuld að ræða við stefnanda. Ber því að taka þennan lið til greina.

Stefnanda ber þannig að fá úr hendi stefnda fjármálaráðherra kr. 62.578.31 (28.538.20 + 6.351.47 + 2.093.38 + 6.214.56 + 6.600.00 + 1.109.16 + 6.453.28 + 3.032.50 + 2.185.76), en til frádráttar koma kr. 40.460.40, sem hann fékk greiddar, um leið og honum barst uppsagnarbréfið. Ber stefnda fjármálaráðherra þannig f. h. ríkissjóðs að greiða stefnanda kr. 22.117.91 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1962 til greiðsludags. Þá ber stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að greiða kr. 5.700.00 í málskostnað, enda verður greiðsluframboð stefndu, sbr. bréf stefnanda á dskj. nr. 5, ekki talið fullnægjandi.

Sigurður Líndal, fulltrúi yfirborgardómara, hefur kveðið upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Einari Ingimundarsyni, kr. 22.117.91 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1962 til greiðsludags og kr. 5.700.00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.